

Nefndarálit

um frumvarp til laga um brottfall ýmissa laga á sviði fjármálamarkaðar (úrelt lög).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund gesti frá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Nefndinni barst ein umsögn um málið frá Seðlabanka Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að felldir verði brott níttján lagabálkar á sviði fjármálamarkaðar sem eru úreltir eða hafa lokið tilgangi sínum.

Í umsögn Seðlabanka Íslands til nefndarinnar var minnt á að huga þyrfti sérstaklega að því hvort í lagabálkunum gæti falist ábyrgð ríkissjóðs á þeim skuldbindingum sem þar væri lýst eða vísað til. Þá kom fram að ekki yrði séð að þeir lagabálkar sem fella ætti brott fælu í sér slíka ábyrgð.

Meiri hlutinn er samþykkur frumvarpinu sem hefur það í för með sér að gera lagasafnið aðgengilegra. Jafnframt bendir meiri hlutinn á að brottfallin lög verða, eftir sem áður, tiltæk þeim sem kunna að þurfa að kynna sér þau.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 7. maí 2024.

Teitur Björn Einarsson,
form.

Ágúst Bjarni Garðarsson,
frsm.

Diljá Mist Einarsdóttir.

Guðbrandur Einarsson.

Jóhann Friðrik Friðriksson.

Steinunn Þóra Árnadóttir.